

Þriðjudaginn 20. júní 1972.

Nr. 13/1972. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

**Benóný Benónýssyni og
Friðriki Gissuri Benónýssyni**
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kváðu upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angan-týr Elíasson skipstjóri og Páll Þorbjörnsson fyrrverandi skipstjóri.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðar-ákvarðanir, sem gerðar voru úr gæzluflugvélinni 8 NS og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Segir m. a. svo í greinargerð skólastjórans frá 11. febrúar 1972:

„A = staður v/b Portlands, VE 97, samkvæmt mælingu flugvélarinnar kl. 1129 h. 17/12 '71. Staður A mælist um 2,35 sjóm. frá landi, eða um 0,65 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 1133 um 2,4 sjóm. frá landi, eða um 0,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Í framburði sínum telur Friðrik Benónýsson, að þeir hafi kastað kl. 0930—1000 inn af Faxa rétt vestan við vitana saman, þ. e. Urðarvitann og vitann á Faxaskeri. Kveðst hann álíta, að vitinn á Urðum hafi sýnt hvítt ljós.

Benóný Benónýsson skýrir einnig frá því, að áður en kastað var í fyrsta skiptið, hafi þeir siglt, þar til vitana bar saman, og hafi þá ljósið á Urðarvitnum verið hvítt.

Þetta getur ekki staðizt, þar sem Urðarvitinn sýnir rautt ljós yfir Faxaskerið, eins og sjá má greinilega á sérkortinu yfir Vestmannaeyjar“.

Samkvæmt gögnum málsins er sannað, að skip ákærðu, v/b Portland, VE 97, hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum innan fiskveiðimarkanna á þeim tíma, sem ákæra í máli þessu tekur til. Ekki var lögskráð á bátinn, sem er 10.49 brúttósmálestir, en slíkt er ekki lögskýlt, sbr. lög um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961, 2. gr. Eigi voru aðrir á bátnum Portlandi í veiðiför þessari en hinir ákærðu. Eru þeir samsaga um, að hvorugur þeirra hafi verið skipstjóri á bátnum. Ákærði Friðrik Gissur kveðst hafa verið við stýri, þegar bátnum var siglt inn í landhelgi. Þetta fær og stoð í framburði ákærða Benónýs. Samkvæmt gögnum, sem fram hafa verið lögð í Hæstarétti, hefur ákærði Friðrik Gissur réttindi til skipstjórnar á bát af þeirri stærð, sem hér um ræðir, en ákærði Benóný hefur ekki leyst til sín leyfi til skipstjórnar.

Þegar höfð er í huga refsistefna laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, og þess gætt, að ákærði Friðrik Gissur hafði leyfi til skipstjórnar og fór með stjórn bátsins Portlands á þeim tíma, sem að framan greinir, þykir verða að leggja alla ábyrgð á fiskveiðibroti því, sem ákæra í málinu lýtur að, á hann, en sýkna ber ákærða Benóný af kröfum ákærvalds í máli þessu. Háttsemi ákærða Friðriks Gissurar varðar við þau refsíákvæði, sem greinir í héraðsdómi, sbr. nú lög nr. 89/1971, 1. gr.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands frá 1. júní 1972, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, jafngiltu 100 gullkrónur hinn 29. desember 1971 3.992.93 seðlakrónum, en hinn 1. júní 1972 jafngiltu 100 gullkrónur 4.335.16.

Refsing ákærða Friðriks Gissurar Benónýssonar þykir hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Portlands, VE 97.

Eftir þessum úrslitum og með vísun til 2. málsg. 140. gr. laga nr. 82/1961 þykir rétt, að um greiðslu sakarkostnaðar fari sem hér segir:

Ákærði Friðrik Gissur greiði til ríkissjóðs upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti kr. 4.500.00. Annan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, greiði ákærði Friðrik Gissur að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dómsorð:

Ákærði Benóný Benónýsson á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson sæti 20.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, ef hún er ekki goldin innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Portlands, VE 97, á að vera óraskað.

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson greiði til ríkissjóðs kr. 4.500.00 upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti. Annar kostnaður af sökinni í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 15.000.00, greiðist að hálfu af ákærða Friðriki Gissuri og að hálfu úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærðu eru samsaga um, að þegar v/b Portlandi var siglt inn í landhelgi, hafi ákærði Friðrik Gissur verið við stýri svo og að ákærði Benóný, sem eigi hafði skipstjóraskírteini, hafi þá verið frammi í lúkar bátsins. Verður eigi með vissu ráðið af gögnum málsins, að hann hafi átt hlut að ákvörðun um þessa siglingu bátsins eða veitt liðsinni sitt til hennar, en rannsókn málsins um það efni er ekki svo rækileg sem rétt hefði verið. Er samkvæmt þessu ósannað,

að ákærði Benóný hafi átt refsiverðan þátt í framangreindu fiskveiðabroti, og verður að leggja alla ábyrgð á því á ákærða Friðrik Gissur, sem fór einn með stjórn bátsins á þeim tíma, er brotið var framið.

Með skírskotun til þessa er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 29. desember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dags. 20. desember 1971 á hendur Friðriki Gissuri Benónýssyni, Hásteinsvegi 45, fæddum 14. nóvember 1941, og Benóný Benónýssyni, Faxastíg 47, fæddum 29. desember 1947, báðum í Vestmannaeyjum, skipverjum á vélbátnum Portlandi, VE 97, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti laust fyrir hádegi föstudaginn 17. desember 1971 út af Krosssandi á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl, en botnvörpuveiðar að öðru leyti bannaðar, sbr. einkum D 6 lið 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndir Friðrik Gissur og Benóný Benónýssynir til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson hefur sætt eftirfarandi refsingum:

- 1962 30/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 9/10 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1964 27/4 í Vestmannaeyjum: Dómur: 4.000 kr. sekt, sviptur ökuréttindum í 6 mánuði, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. hegningarlaga.

- 1964 6/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1965 17/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1966 10/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1966 6/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Ákærði Benóný Benónýsson hefur sætt eftirfarandi refsingum:

- 1965 14/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1966 18/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1966 4/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1966 25/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Í skýrslu Landhelgisgæzlu Íslands, dags. 17. þ. m., segir svo:
„Föstudaginn 17. desember 1971 stóð gæzluflugvélin 8 NS vélbátinn Portland, VE 97, að ólöglegum veiðum undan Krosssandi.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Föstudaginn 17. desember 1971 var gæzluflugvélin 8 NS á eftirlitsflugi við Krosssand. Um kl. 11.27 var komið auga á grunsamlegan bát, er virtist vera innan fiskveiðimarkanna út af Krosssandi. Kl. 11.28 var flogið niður að bátnum, og sást varpa hans í sjó og hlerar í gálum, en báturinn notar skuttroll.

Kl. 11.29 var gerð eftirfarandi sextantmæling yfir bátnum.

△ Þríhyrningur	
N. K. Elliðaey	> 101° 21'
Geirfuglasker	> 66° 04'

sem gefur stað bátsins um 2,4 sjóm. frá landi.

Kl. 11.30 var aftur flogið niður að bátnum, sem þá virtist ferðlaus, og sást þá, að búið var að innbyrða vörpuna. Einkennisstafir bátsins, VE 97, sáust greinilega á bógi hans.

Kl. 11.33 var gerð eftirfarandi sextantmæling yfir bátnum, sem enn virtist ferðlaus.

△ Þríhyrningur	
N. K. Elliðaey	> 100° 49'
Geirfuglasker	> 66° 37'

sem gefur stað bátsins um 2,4 sjómílur frá landi.

Flogið var nokkrum sinnum niður að bátnum og hann athug-

aður nánar, og sást, að varpan var í pokaponti stb. megin, og einnig sást fiskur innan um vörpuna.

Um kl. 11.37 hélt flugvélin til frekari gæzlustarfa.

Eftir að flugvélin hafði yfirgefið bátinn, var reynt að kalla í hann á 2311 kc/s nokkrum sinnum, en hann svaraði ekki.

Mælingar voru gerðar af skipherra (Helga Hallvarðssyni) og stýrimanni, Benedikt Guðmundssyni, með sextöntum. Venjulegur háttur var hafður á við mælingar.

Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti nr. 32, þar sem staðir bátsins kl. 11.29 og kl. 11.33 eru markaðir.

Veður: Hægviðri, gott skyggni“.

Helgi Hallvarðsson, skipherra gæzluflugvélarinnar 8 NS, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og staðfesti skýrslu sína. Kvað vitnið skýrsluna rétta og gerða eftir beztu vitund.

Vitnið vann eið að framburði sínum, að það hafi séð vörpu bátsins greinilega, þar sem hún flaut í sjónum fyrir aftan bátinn, fyrst þegar flogið var yfir bátinn. Þegar flogið var yfir bátinn aftur, sá vitið, að búið var að innbyrða vörpuna og að fiskur lá innan um netið. Vitninu sýndist það, sem það sá í sjónum, vera grænt að lit og eins hafi sézt á græna vörpu um borð í bátnum í síðara aðflugi.

Vitnið Benedikt Gunnar Guðmundsson, stýrimaður á gæzluflugvélinni 8 NS, kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja vegna máls þessa. Staðfesti vitnið skýrslu skipherra. Vitnið sá hlera í gálgum og vængi aftur af skut bátsins, og sá vitnið, að vængir voru rauðir að lit. Vitnið sá ekki freyða af kúllum, en straumvatn kom aftur með kjöl, og vængir lögðust út beint aftur af bátnum. Ekki sá vitnið fisk fljóta fyrir aftan bátinn.

Í síðara aðflugi að bátnum sá vitnið, að varpan var í pokaponti, og sást þá, að netið, og að því er virtist pokinn, var grænt að lit. Í þetta skipti tók vitnið eftir fiski innan um netið á a. m. k. þrem stöðum. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Guðjón Benedikt Jónsson flugmaður kom fyrir dóm í máli þessu.

Vitnið sá greinilega einkennisstafi bátsins, VE 97, er flogið var yfir hann, og einnig sýndist vitninu eitthvað fljóta aftur við stjórnborðssíðu bátsins, en ekki sá vitnið það nánar, enda að huga að öðru.

Ákærði Benóný Benónýsson kom fyrir dóm í máli þessu. Skýrði hann svo frá, að föstudaginn 17. desember s.l. hafi þeir bræður farið í róður um kl. 0900 um morguninn. Köstuðu þeir milli kl.

0930 og 1000 vestan við línuna, sem myndast við vitana á Faxa-
skeri og Urðum, þegar vitana bar saman. Köstuðu þeir fyrir
utan landhelgislínu og toguðu í vesturátt. Var síðan híft eftir
rúma klukkustund og fiskurinn blóðgaður, en síðan var keyrt
innar og inn fyrir landhelgislínu í þeim tilgangi að athuga með
löðningar, en á meðan var ákærði Benóný frammi í lúkar bátsins.

Ákærði skýrir svo frá, að þegar kippt var inn fyrir landhelgis-
línu, hafi varpan verið á dekki, en hlerar hafi hangið úti, en
þegar svo sé, hangi vængir frá blökkinni og fram með síðu bátsins.

Þegar ákærði Benóný var búinn að vera nokkra stund frammi
í lúkar, kallaði ákærði Friðrik til hans og sagði, að þeir skyldu
taka hlerana inn. Í þann mund flaug flugvélin yfir þá, og voru
þá ákærðu á dekki og voru að taka hlerana inn.

Ákærði Benóný neitaði þannig, að veiðarfæri væru í sjó, þegar
flugvélin flaug yfir, og enginn fiskur hafi verið í pokanum, heldur
hafi verið blóðgaður fiskur á dekki.

Ákærði Benóný skýrir svo frá, að enginn skipstjóri væri á
bátum, ekki skráður a. m. k., en þeir bræður séu saman um
stjórn hans og ráðgist þeir saman um allar ákvarðanir. Hinir
ákærðu hafi báðir réttindi sem skipstjórar og hafi þeir litið svo
á, að þeir væru saman um stjórn bátsins.

Ákærði Friðrik Gissur kom fyrir dóm í máli þessu. Skýrði
hann svo frá, að föstudaginn 17. desember s.l. hafi þeir ákærðu
farið í róður á báti sínum, Portlandi, VE 97. Lögðu þeir af stað
úr höfn kl. 0830—0900. Héldu þeir á miðin inn af Faxa og köstuðu
rétt vestan við vitana saman. Var þetta, þegar byrjað var að
birta, um kl. 0930—1000. Ákærði kvaðst álíta, að vitinn á Urðum
hafi sýnt hvítt ljós, þaðan sem ákærði sá hann.

Ákærði Friðrik Gissur kvað þá ákærðu hafa togað í rúman
klukkutíma og trollið hafi verið híft laust eftir kl. 1030. Síðan
var kippt inn fyrir landhelgislínu og keyrt í ca. tuttugu mínútur,
og var ákærði Friðrik Gissur við stýrið, en ákærði Benóný
frammi í lúkar. Ekki sagði ákærði Friðrik Gissur, að hefði lóðað
á fiski þarna, og hugðist ákærði nú halda heimleiðis, og kallaði
hann því á ákærða Benóný til þess að taka inn hlerana, en rétt
í þann mud, er þeir ákærðu voru komnir að því verki, flaug
flugvel Landhelgisgæzlunnar yfir.

Ákærði Friðrik Gissur neitaði að hafa verið að toga í umrætt
skipti. Skýrði hann svo frá, að varpan hafi legið í ganginum,
en þó hafi vængir hangið aftur í gálganum og verið geti, að
þeir hafi hangið úti.

Ákærði Friðrik Gissur skýrir svo frá, að báðir ákærðu væru saman um stjórn á m/b Portlandi, VE 97.

Báðir hinir ákærðu báru, að troll það, sem notað var í ofangreindri veiðiferð, hafi verið rautt að lit, en poki grænn.

Samkvæmt ofangreindum framburði verður staður sá, er hinir ákærðu kveðast hafa hafið togveiðar sínar á, mjög ógreinilegur. Þá ber þess að geta, að eigi er fyrir hendi sá möguleiki, að vitana á Faxaskeri og Urðum beri saman og sýni Urðavitinn þá hvítt ljós, heldur er þar um rautt ljós að ræða. Staðhæfingar hinna ákærðu um togveiðar utan landhelgislínu eru engum rökum studdar, en staðfestar mælingar yfirmanna flugdeildar Landhelgisgæzlunnar um staðsetningu bátsins innan línu óhraktar, enda viðurkennt af báðum ákærðu, að haldið hafi verið inn fyrir landhelgislínu.

Hinir ákærðu hafa báðir neitað að hafa verið að togveiðum á þeim slóðum, er flugvélin kom að þeim, en hafa viðurkennt, að hlerar hafi verið úti og vængir utan borðstokks.

Samkvæmt eiðfestum framburðum skipherra og stýrimanns gæzluflugvélarinnar voru veiðarfæri m/b Portlands, VE 97, í sjó, er flugvélin kom að bátnum, og hefur þessi staðhæfing eigi verið hrakin. Verður því að teljast sannað, að hér sé um fullframið fiskveiðibrot að ræða.

Hinir ákærðu hafa báðir borið, að þeir séu saman um stjórn bátsins m/b Portlands, VE 97, og ákærði Benóný hefur borið, að þeir ráðgist saman um allar meiri háttar ákvarðanir. Samkvæmt þessu verður að telja báða hina ákærðu samábyrga vegna brots þessa, og samkvæmt ofangreindu hafa þeir brotið gegn þeim ákvæðum, er í ákæru greinir, og unnið til refsingar samkvæmt þeim lagaákvæðum, er þar eru tilfærð.

M/b Portland, VE 97, er samkvæmt mælibréfi bátsins 10.49 brúttórumlestir.

Samkvæmt síðustu opinberum skýrslum um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 18. desember s.l., voru afli og veiðarfæri m/b Portlands, VE 97, metin þannig:

Veiðarfæri	kr. 11.700.00
Afli	— 8.976.00

Samtals kr. 20.676.00

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, og þáttar ákærðu í broti þessu þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin kr. 20 þúsund í Landhelgissjóð Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli að verðmæti kr. 8.976.00 og veiðarfæri að verðmæti kr. 11.700.00 um borð í m/b Portlandi, VE 97, skulu gerð upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar á meðal laun skipaðs verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Gissur Benónýsson greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði Benóný Benónýsson greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli að verðmæti kr. 8.976.00 og veiðarfæri að verðmæti kr. 11.700.00 um borð í m/b Portlandi, VE 97, eru gerð upptæk, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.